

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30.01. 2019  
Tilvísun vor: M-2018-316/00.11

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, 434. mál**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, mál 434.

Landsvirkjun fagnar því að frumvarp um Þjóðarsjóð hafi verið lagt fram á Alþingi og lýsir ánægju sinni með að fá tækifæri til að skila inn umsögn um það. Fyrirtækið styður stofnun Þjóðarsjóðs og áform um að arðgreiðslur fyrirtækisins til eiganda síns, íslenska ríkisins, fari með þeim hætti í varúðarsjóð í eigu þjóðarinnar til að mæta umfangsmiklum ófyrirséðum efnahagslegum áföllum sem þjóðarbúið getur hugsanlega orðið fyrir í framtíðinni.

Landsvirkjun hefur um nokkurt skeið bent á að arðgreiðslugeta fyrirtækisins muni aukast á næstu árum. Fyrirtækið hefur lagt mikla áherslu á lækun skulda síðastliðin ár með góðum árangri og eiginfjárhlutfallið hefur aldrei verið hærra í sögu þess. Nefna má að eiginfjárhlutfallið var komið í 48% í lok þriðja ársfjórðungs 2018 og veltufé frá rekstri 16,2% af hreinum skuldum. Á undanförunum 5 árum hefur fyrirtækið jafnframt lokið við byggingu á þremur nýjum aflstöðvum, Búðarhálsstöð, Þeistareykjastöð og Búrfellsstöð II. Þessar þrjár virkjanir hafa lagt grunn að styrkari og öruggari tekjustofnum fyrirtækisins. Þá hafa nýir viðskiptavinir hafið rekstur og endursamið hefur verið við eldri viðskiptavinum. Stóðir Landsvirkjunar hafa því verið að styrkjast og áætlanir gefa til kynna að afkoman haldi áfram að batna. Síðastliðin ár hefur fyrirtækið greitt eiganda sínum 1,5 milljarð króna árlega í arðgreiðslur. Með sterkari efnahag, minni framkvæmdum og tryggu sjóðstreymi eru nú forsendur til að auka arðgreiðslur. Miðað við núverandi áætlanir er stefnt er að því að arðgreiðslur geti hækkað í skrefum og náð á nokkrum árum upp í 10-20 milljarða króna á ári.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir sjóðsins verði varðveittar og ávaxtaðar í erlendum gjaldmiðlum. Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu er fjallað um að skoða megi þann möguleika við arðgreiðslur að þær verði að hluta til í erlendri mynt. Uppgjörsmynt Landsvirkjunar er Bandaríkjadalur og eru tekjur fyrirtækisins að stærstum hluta í þeirri mynt. Það gæti því farið vel að arðgreiðslur Landsvirkjunar verði í Bandaríkjadal en ekki í íslenskum krónum eins og verið hefur hingað til.

Ísland hefur fullgilt Parísarssamning Sameinuðu þjóðanna og skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til að markmiðum samningsins um að takmarka áhrif loftslagbreytinga verði náð. Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum sem vinna allt sitt rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum og mun Þjóðarsjóður, meðal annars með arðgreiðslum Landsvirkjunar, því byggja á tekjum af endurnýjanlegum orkuauðlindum sem eru á forræði ríkisins. Í því geta falist mikil tækifæri.

Að lokum vill Landsvirkjun ítreka stuðning sinn við stofnun Þjóðarsjóðs. Fyrirtækið er að sjálfsögðu reiðubúið til að mæta á fund nefndarinnar og veita upplýsingar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,



Hörður Arnarson  
Forstjóri